



Frumvarp
til fjárukalaga
2021

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 1536 — 818. mál.

Frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 2021.

(Lagt fyrir Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020–2021.)

Efnisyfirlit

Lagagreinar

1. gr. Fjárheimildir málefнасviða	3
2. gr. Fjárheimildir málefнасviða og málaflokka	4

Sundurliðun

1. Fjárheimildir málefнасviða eftir málaflokkum	5
---	---

Greinagerð

Inngangur	16
1. Gjöld A-hluta	20
Greinagerð við einstaka málaflokka	25

A-hluti

Fjárheimildir málefna sviða og málafloka

1. gr.

Eftirtalдар breytingar verða á 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2021 um fjárheimildir málefna sviða í A-hluta.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildarfjár- heimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
10 Rétt. eins takl., trúmál og stjórmsýsla dómsmála		200,0			200,0		200,0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál		120,0			120,0		120,0
14 Ferðþjónusta			750,0		750,0		750,0
20 Framhaldsskólastig	50,0				50,0		50,0
21 Háskólastig	100,0				100,0		100,0
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	200,0	100,0			300,0		300,0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta	1.050,0				1.050,0		1.050,0
27 Órorka og málefni fatlaðs fólks	20,0				20,0		20,0
29 Fjölskyldumál	100,0	1.800,0			1.900,0		1.900,0
30 Vinnuamarkaður og atvinnuleysi		9.810,0			9.810,0		9.810,0
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	250,0				250,0		250,0
Samtals	1.770,0	12.780,0			14.550,0		14.550,0

A-hluti

Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka

2. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2021 um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka í A-hluta, sundurliðaðar eftir ráðuneytum.

	Æðsta stjórn ríkisins	Mennta- og Forsætisráðuneyti	Utánríkisráðuneyti	Atvinnuvega og nýsköpunaráðuneyti	Dómsmálaráðuneyti	Félagsmálaráðuneyti	Heilbrigðisráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Samgöngu- og svæitarstjóraráðuneyti	Umhv.- og auðlindaráðuneyti	Vaxta- og gjöldríkisráðuneyti	Heildarfjárlagsheimild	Framlag úr ríkissjóði
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsviða dómsmála					200,0							200,0	200,0
10.40 Stjórnsviða dómsmálaráðuneytis					200,0							200,0	200,0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál								120,0				120,0	120,0
11.10 Samgöngur								120,0				120,0	120,0
14 Ferðapjónusta				750,0								750,0	750,0
14.10 Ferðapjónusta				750,0								750,0	750,0
20 Framhaldsskólastig		50,0										50,0	50,0
20.10 Framhaldsskólar		50,0										50,0	50,0
21 Háskólastig		100,0										100,0	100,0
21.10 Háskólar og rannsóknastarfssemi		100,0										100,0	100,0
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa							300,0					300,0	300,0
24.10 Heilsugæsla							200,0					200,0	200,0
24.20 Sérfræðisþjónusta og hjúkrun							100,0					100,0	100,0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta							1.050,0					1.050,0	1.050,0
25.10 Hjúkrunar- og dvalarymi							1.000,0					1.000,0	1.000,0
25.20 Endurhæfingarpjónusta							50,0					50,0	50,0
27 Órorka og málefni fatlaðs fólks							20,0					20,0	20,0
27.30 Málefni fatlaðs fólks							20,0					20,0	20,0
29 Fjölskyldumál						280,0		1.620,0				1.900,0	1.900,0
29.10 Barnabætur								1.620,0				1.620,0	1.620,0
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn						280,0						280,0	280,0
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi						9.810,0						9.810,0	9.810,0
30.10 Vinnuáætlun og atvinnuleysi						9.810,0						9.810,0	9.810,0
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna				250,0								250,0	250,0
35.10 Þróunarsamvinna				250,0								250,0	250,0
Samtals		150,0		250,0	750,0	200,0	10.110,0	1.620,0	120,0	1.620,0		14.550,0	14.550,0

Sundurliðun 1

Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum**10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála****10.40 Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis***06 Dómsmálaráðuneyti*

Rekstrartilfærslur	200,0
--------------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði	200,0
-----------------------------	-------

10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála, heildargjöld	200,0
---	--------------

Rekstrartekjur	0,0
-----------------------------	------------

Framlag úr ríkissjóði	200,0
------------------------------------	--------------

Viðskiptahreyfingar	0,0
----------------------------------	------------

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

11.10 Samgöngur

10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Rekstrartilfærslur 120,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 120,0

11 Samgöngu- og fjarskiptamál, heildargjöld 120,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði 120,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

14 Ferðaþjónusta

14.10 Ferðaþjónusta

04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Rekstrartilfærslur	750,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði	750,0
14 Ferðaþjónusta, heildargjöld	750,0
Rekstrartekjur	0,0
Framlag úr ríkissjóði	750,0
Viðskiptahreyfingar	0,0

20 Framhaldsskólastig

20.10 Framhaldsskólar

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Rekstrarframlög 50,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 50,0

20 Framhaldsskólastig, heildargjöld 50,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði 50,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

21 Háskólastig

21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi

02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Rekstrarframlög	100,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði	100,0
21 Háskólastig, heildargjöld	100,0
Rekstrartekjur	0,0
Framlag úr ríkissjóði	100,0
Viðskiptahreyfingar	0,0

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

24.10 Heilsugæsla

08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög 200,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 200,0

24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrartilfærslur 100,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 100,0

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, heildargjöld 300,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði 300,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými

08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög 1.000,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 1.000,0

25.20 Endurhæfingarþjónusta

08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög 50,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 50,0

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta, heildargjöld 1.050,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði 1.050,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

27.30 Málefni fatlaðs fólks

07 Félagsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög 20,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 20,0

27 Örorka og málefni fatlaðs fólks, heildargjöld 20,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði 20,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

29 Fjölskyldumál

29.10 Barnabætur

09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur 1.620,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 1.620,0

29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

07 Félagsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög 100,0

Rekstrartilfærslur 180,0

Heildarfjárheimild 280,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 280,0

29 Fjölskyldumál, heildargjöld 1.900,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði 1.900,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

07 Félagsmálaráðuneyti

Rekstrartilfærslur 9.810,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði 9.810,0

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi, heildargjöld 9.810,0

Rekstrartekjur 0,0

Framlag úr ríkissjóði 9.810,0

Viðskiptahreyfingar 0,0

m.kr.

35 Alþjóðleg þróunarsamvinna**35.10 Þróunarsamvinna***03 Utanríkisráðuneyti*

Rekstrarframlög	250,0
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði	250,0
-----------------------------	-------

35 Alþjóðleg þróunarsamvinna, heildargjöld	250,0
---	--------------

Rekstrartekjur	0,0
-----------------------------	------------

Framlag úr ríkissjóði	250,0
------------------------------------	--------------

Viðskiptahreyfingar	0,0
----------------------------------	------------

Athugasemdir.

Inngangur


Hlutverk fjárukalaga. Með lögum um opinber fjármál er mörkuð skýr stefna um hlutverk og efni fjárukalaga. Í því felst að gert er ráð fyrir að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir komi fram í fjárlögum en að í fjárukalögum verði einungis leitað heimilda til að bregðast við útgjaldatefnum sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga en sýnt þyki að útgjöldin falli til á árinu og að ríkissjóður komist ekki hjá að greiða þau. Fjárukalögum er þannig einungis ætlað að taka til óhjákvæmilegra útgjalda af fyrrgreindum toga, þar á meðal vegna áhrifa nýrrar löggjafar á árinu, sem ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt lögum um opinber fjármál, svo sem með millifærslu fjárveitinga milli aðila og verkefna innan sama málaflokks á fjárhagsárinu eða nýtingu varasjóðs viðkomandi málaflokks eða almenns varasjóðs til að mæta auknum útgjöldum. Fjárukalögum er því ekki ætlað að mæta útgjöldum til nýrra verkefna, aukins umfangs starfsemi eða rekstrarhalla einstakra málefna sviða og málaflokka umfram setta útgjaldaramma, enda ber samkvæmt lögnum að vísa slíkum tillögum um breytingar á fjárheimildum til umfjöllunar um fjárlög fyrir næsta fjárhagsár. Markmiðið með þessu verklagi er að auka ábyrgð ráðuneyta á áætlanagerð, stefnumótun og fjármálastjórn innan málefna sviða og málaflokka og draga úr þörf og umfangi fjárukalaga.

Við undirbúning frumvarpsins hefur verið lögð áhersla á að standa að málum í samræmi við hlutverk fjárukalaga eins og það er skilgreint í lögum. Efni þessa frumvarps afmarkast nær alfarið við fjármögnun á áframhaldandi efnahagsaðgerðum sem er ætlað að bregðast við efnahagslegum og samfélagslegum afleiðingum heimsfaraldurs kórónuveiru.

Áframhaldandi efnahagsaðgerðir. Eins og kunnugt er hefur útbreiðsla kórónuveirunnar og ráðstafanir til þess að hamla gegn útbreiðslu hennar þegar haft víðtæk efnahags- og samfélagsleg áhrif. Eitt meginmarkmið opinberra fjármála undanfarið ár hefur verið að lágmarka það tjón sem faraldurinn veldur, dreifa því á fleiri herðar og yfir lengra árabíl til að styðja við vöxt framléiðslugetunnar. Stuðningur við heimili og fyrirtæki ásamt heimild til úttektar á séreignarsparnaði hefur verndað kaupmátt heimilanna. Komið hefur verið til móts við þau sem hafa orðið fyrir mestum kostnaði með markvissum stuðningi, auk þess sem almenn eftirspurn hefur verið örvuð með aukinni samneyslu og opinberri fjárfestingu ásamt lækkun skatta og stóru auknum útgjöldum. Í nýlega framlagðri fjármálaáætlun má sjá heildaryfirlit yfir mótvægisáðgerðir stjórnvalda árin 2020 og 2021 og nemur umfang þeirra um 200 ma.kr. á þessum tveimur árum, sem kemur til viðbótar áhrifum hinna sjálfvirku sveiflujafnara ríkisfjármálanna en þau eru metin um 200 ma.kr. yfir sama tíma. Áhrif þess á afkomu ríkissjóðs eru umtalsverð í sögulegu samhengi, en gert er ráð fyrir verulegum halla á rekstri ríkissjóðs á komandi misserum með tilheyrandi áhrifum á skuldir.

Eftir því sem meiri reynsla fæst á aðgerðir stjórnvalda gefst tækifæri til þess að beina stuðningi með markvissari hætti til þeirra hópa sem hafa orðið fyrir mestum áhrifum af völdum faraldursins. Ríkisstjórnin kynnti þann 30. apríl sl. áframhaldandi efnahagsáðgerðir vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Um er að ræða fjórða aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar en áður voru settir fram sambærilegir aðgerðapakkar í mars, apríl og nóvember á síðasta ári. Fjárheimilda vegna þeirra aðgerða var eftir atvikum aflað í fjárukalögum á árinu 2020 eða fjárlögum fyrir árið 2021. Í þeim aðgerðum sem nýlega voru kynntar er verið að framlengja og innleiða á annan tug efnahagsáðgerða til að mæta afleiðingum faraldursins. Markmiðið er að styðja áfram við heimili og fyrirtæki á lokametrum baráttunnar við heimsfaraldurinn, en vel hefur gengið að verja kaupmátt og innlenda eftirspurn með aðgerðum síðustu mánaða á sama

tíma og veirunni er haldið í skefjum. Úrræðin miða að því að verja áfram grunnstoðir samfélagsins, vernda afkomu heimila og fyrirtækja og tryggja öfluga viðspyrnu fyrir íslenskt efnahagslíf.



Til viðbótar þeim úrræðum sem kynnt voru í apríl eru lagðar til frekari ráðstafanir vegna nokkurra útgjaldamála sem rekja má til áhrifa faraldursins. Áætlað er að hagrænt umfang ráðstafananna nemi samtals um 39,2 ma.kr. Á tekjuhlið nemur umfangið 16,5 ma.kr. sem skiptist annars vegar í 6,5 ma.kr. vegna frestunar á skattgreiðslum og 10 ma.kr. vegna úttektar séreignarsparnaðar. Á útgjaldahlið nemur umfangið 22,7 ma.kr. Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit þeirra ráðstafana sem kynntar voru í lok apríl ásamt nýjum ráðstöfunum. Í töflunni eru jafnframt tilgreindar ráðstafanir sem leiða ekki til útgjaldaauka ríkissjóðs, en þau varða stofnun ferðatryggingasjóðs og hliðrun stuðningslána. Þá er ekki gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna framlengingar lokunarstyrkja til fyrirtækja og íþróttafélaga, en óvissa ríkir um þau útgjöld sem ráðast af sóttvarnaaðgerðum og þróun faraldursins.

Auk þeirra ráðstafana sem raktar eru hér að framan er jafnframt leitað eftir 1 ma.kr. tímabundnu framlagi til hækkunar á daggjöldum hjúkrunarheimila á árinu 2021. Framlag þetta verði skilyrt við tveggja mánaða framlengingu núgildandi samninga.

Nýjar og áframhaldandi COVID-19 ráðstafanir á árinu 2021 ma.kr.	Umfang aðgerðar	Áhrif á afkomu (rek.gr.)
Ráðstöfun á tekjuhlið	16,5	2,4
Séreignasparnaður	10,0	2,4
Frestanir á skattgreiðslum	6,5	0,0
Ráðstöfun á útgjaldahlið	22,7	22,7
Viðspyrnustyrkir: framlenging og útvíkkun	7,4	7,4
Ráðningarstyrkur fyrir þau sem eru á hlutabótum	4,4	4,4
Hefjum störf: Sumarstörf fyrir námsmenn	2,4	2,4
Hefjum störf: Ráðningarstyrkur með atvinnuleitendum	1,9	1,9
Barnabótaauki	1,6	1,6
Ferðagjöf II	1,4	1,4
Tekjutengdar atvinnuleysisbætur	0,9	0,9
Gedheilbrigðismál	0,6	0,6
Sumarnám háskólastig	0,5	0,5
COVAX: Bóluefni gegn COVID til þróunarríkja	0,5	0,5
Styrkur til langtímaatvinnulausra	0,3	0,3
Félagslegur stuðningur til ýmissa viðkvæmra hópa	0,2	0,2
Sumarnám framhaldsskólastig	0,2	0,2
Strætó bs.: Styrkur til að koma að hluta til móts við tekjutap v. fækkunar farþega	0,1	0,1
Ferðagjöf I - framlenging	0,1	0,1
Landsbjörg: Styrkur til að koma að hluta til móts við tekjutap	0,1	0,1
Rauði krossinn á Íslandi: Styrkur til að koma að hluta til móts við tekjutap	0,1	0,1
MSNM: Viðbótarnámslán v. tekna undir frítekjumarki	0,1	0,1
Lokunarstyrkir - framlenging á umsóknarfresti	0,0	0,0
Greiðslur til íþróttafélaga	0,0	0,0
Annað	0,0	0,0
Ferðatryggingasjóður	0,0	0,0
Stuðningslán: hliðrun endurgreiðslutíma, áhrif 2021	0,0	0,0
Samtals umfang / áhrif á afkomu	39,2	20,3

Afkomuhorfur ársins 2021, sem unnar voru í tengslum við vinnslu fjármálaáætlunar árin 2022–2026, gera ráð fyrir halla sem nemur 320 ma.kr. eða 10,2% af vergri landsframleiðslu (VLF). Afkomuáhrif nýrra ráðstafana nema 20,3 ma.kr. þegar tekið hefur verið tillit til 2,4 ma.kr. aukinna tekna vegna skattheimtu af úttekt séreignarsparnaðar. Á móti þessu vegur 13,2 ma.kr. betri afkoma vegna endurmats fjármála- og efnahagsráðuneytisins á kostnaðaráætlun fyrirbyggjandi ráðstafana sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, en endurmatið er einkum vegna tekjufalls- og viðspyrnustyrkja. Að viðbættu 1 ma.kr. tímabundnu framlagi til hækkunar á daggjöldum hjúkrunarheimila á árinu 2021 er áætlað að afkoma ríkissjóðs versni um rúmlega 8 ma.kr. eða 0,3% af VLF. Rétt er að taka fram að fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur ekki unnið heildstætt endurmat á tekju- og útgjaldahlið ríkissjóðs og hins opinbera fyrir yfirstandandi ár. Miðað við framangreinda þætti og að öllu öðru óbreyttu er áætlað að afkoman á yfirstandandi ári verði neikvæð um 328 ma.kr. eða 10,5% af VLF.

Að teknu tilliti til nýrra ráðstafana sem gerð er grein fyrir í þessu frumvarpi og endurmati fjármála- og efnahagsráðuneytis á afkomuáhrifum fyrirbyggjandi ráðstafana sem tilgreind eru í nýlega framlagðri fjármálaáætlun nemur heildarumfang ráðstafana á tekju- og gjaldahlið ríkissjóðs árin 2020 og 2021 um 210 ma.kr. eða 3,3% af VLF árið 2020 og 3,5% af VLF árið 2021.

Efni frumvarpsins. Fjáráukalagafrumvarp þetta er lagt fram til að afla fjárheimilda fyrir nýjum og breyttum ráðstöfunum sem miða að því að veita markvissan stuðning til fyrirtækja og heimila til að mæta samfélagslegum og efnahagslegum afleiðingum heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Að stærstum hluta er um að ræða aðgerðir í fjórða aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar sem kynntur var í lok apríl en jafnframt er aflað heimilda vegna nokkurra útgjaldamála sem rekja má til áhrifa faraldursins auk framlags til daggjalda hjúkrunarheimila.

Í frumvarpinu eru lagðar til auknar fjárheimildir til viðeigandi málefnasviða og málaflokka ráðuneyta sem nema tæpum 14,6 ma.kr. Það er sá hluti aðgerðanna sem ekki er unnt að fjármagna með öðrum úrræðum laga um opinber fjármál, svo sem með millifærslu fjárveitinga innan ársins eða nýtingu varasjóða málaflokka. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að ákveðið var að nýta ekki fjárheimildir almenns varasjóðs fjárlaga vegna þessara útgjaldamála. Þannig var horft til þess að viðhalda getu varasjóðsins til þess að mæta óvæntum útgjöldum sem kunna að koma upp síðar á árinu, svo sem vegna uppfærslu á launa- og verðlagsbótum innan ársins og öðrum afleiddum kostnaði sem kann að leiða af faraldrinum. Að sama skapi var talið mikilvægt í ljósi markmiða um gagnsæi að nýjar og breyttar mótvægisráðstafanir stjórnvalda vegna heimsfaraldursins hlytu umfjöllun og þinglega meðferð til jafns við umfjöllun fyrri aðgerða.

Nánar er fjallað um framangreindar breytingar í köflunum hér á eftir.

1 Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Á gjaldahlið frumvarpsins eru gerðar tillögur um breytingar á fjárheimildum til að mæta útgjöldum ríkissjóðs sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga eða teljast nú orðin brýn eða óhjákvæmileg vegna viðbragða við áhrifum af völdum heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Í frumvarpinu er því almennt ekki um að ræða tillögur um ný verkefni, aukið umfang, rekstrarhalla einstakra ríkisstofnana eða minni háttar útgjaldamál sem ekki tengjast viðbrögðum við heimsfaraldrinum, enda eiga ráðuneyti að finna slíkum málum stað innan útgjaldaramma sinna málefnasviða og málaflokka innan fjárlagaársins, svo sem með millifærslu fjárheimilda eða nýtingu varasjóða. Frumvarpið tekur einungis til tillagna um auknar fjárheimildir málefnasviða og málaflokka.

1.1 Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu

Umfang tillagna í frumvarpinu skýrist að stærstu leyti af útgjaldatílefnum sem rekja má til heimsfaraldursins og er ætlað að mæta efnahagslegum og samfélagslegum afleiðingum faraldursins.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir málefnasviða og málaflokka verði auknar samtals um 14,6 ma.kr. Það svarar til 1,2% aukningar frá áður samþykktum fjárheimildum í fjárlögum ársins. Samtals eru lagðar fram tillögur að fjárhæð 13,6 ma.kr. sem tengjast heimsfaraldrinum og eru þær að mestu leyti vegna aðgerðapakka stjórnvalda sem kynntur var í lok apríl sl., eða tæpir 13 ma.kr. Þá bættust við aðrar ráðstafanir sem rekja má til afleiðinga faraldursins og nema 570 m.kr. Loks er gert ráð fyrir 1 ma.kr. tímabundnu og skilyrtu framlagi vegna hækkunar á daggjöldum hjúkrunarheimila á yfirstandandi ári. Meðfylgjandi tafla sýnir útgjaldamál frumvarpsins sem koma til hækkunar á heildarútgjöldum ársins 2021.

Ný og aukin útgaldatílefni	m.kr.
Heildarfjárheimild skv. fjárlögum 2021	1.192.099
Breytingar á útgjaldaskuldbindingum	14.550
Styrkur til endurráðningar í fyrra starfshlutfall	4.400
Hefjum störf: Sumarstörf fyrir námsmenn	2.400
Hefjum störf: Ráðningarstyrkur með atvinnuleitendum	1.900
Barnabótaauki	1.620
Tímabundin skilyrt hækkun daggjalda hjúkrunarheimila	1.000
Tímabundin lenging á tímabili tekjutengdra atvinnuleysisbóta	850
Ferðagjöf II	750
Geðheilbrigðismál: Aukin framlög vegna kórónuveirufaraldursins	600
Styrkur til langtímaatvinnulausra	260
COVAX: Framlag til þróunar og dreifingar bóluefnis gegn COVID-19 til þróunarríkja	250
Félagslegar aðgerðir	200
Strætó bs.: Styrkur til að koma að hluta til móts við tekjutap v. fækkunar farþega	120
Landsbjörg: Styrkur til að koma að hluta til móts við tekjutap	100
Rauði krossinn á Íslandi: Styrkur til að koma að hluta til móts við tekjutap	100
Heildarfjárheimild 2021	1.206.649

Um tveir þriðju hlutar þeirra breytinga á útgjaldaskuldbindingum sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu falla utan rammasettra útgjalda¹. Er þar um að ræða ýmsar ráðstafanir sem tengjast vinnumarkaðsúrræðum og atvinnuleysi. Af rammasettum útgjöldum nema rekstrartilfærslur um 20% af heildarútgjaldaaukningu og rekstrarframlög um 12%. Í eftirfarandi töflu má sjá hagræna skiptingu útgjalda og breytingar frá fjárlögum ársins 2021.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Heimild ¹ 2021	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög	482.061	483.831	1.770	0,4%
Rekstrartilfærslur	382.500	385.470	2.970	0,8%
Fjármagnstílfærslur	37.952	37.952		0,0%
Fjárfestingarframlag ³	76.672	76.672		0,0%
Rammasett útgjöld	979.186	983.926	4.740	0,5%
Vaxtagjöld	46.009	46.009		0,0%
Aðrir liðir utan ramma	166.904	176.714	9.810	5,9%
Heildargjöld	1.192.099	1.206.649	14.550	1,2%
Rekstrartekjur	61.686	61.686		0,0%
Framlag úr ríkissjóði	1.072.383	1.086.933	14.550	1,4%
Viðskiptahreyfingar	58.030	58.030		0,0%
Samtals fjármögnun	1.192.099	1.206.649	14.550	1,2%

¹ Fjárlög 2021 að viðbættu frumvarpi til fjárukalaga

³ Fjárfestingarframlög færast ekki til gjalda í ríkisreikningi heldur eru þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma eignarinnar

1.2 Útgjöld eftir málefna sviðum

Langstærstur hluti tillagnanna snýr að félags- og vinnumarkaðsmálum, eða um 11,6 ma.kr. Þar af nema aukin framlög til málefna sviðs 30 *Vinnumarkaður og atvinnuleysi* samtals 9,8 ma.kr. en það skýrist af fjórum tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða 4,4 ma.kr. framlag vegna ráðningarstyrkja en fyrirtæki eiga nú kost á að fá styrk með endurráðningu starfsmanns í skertu starfshlutfalli í sitt fyrra starfshlutfall. Í öðru lagi er um að ræða 4,3 ma.kr. kostnað vegna atvinnuáttaksins *Hefjum störf* með það að markmiði að skapa 7.000 tímabundin störf fyrir langtímaatvinnulausa og námsmenn, í samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Um er að ræða styrk í allt að sex mánuði með atvinnuleitendum og tvo og hálfan mánuð yfir sumartímann vegna námsmanna. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 850 m.kr. framlagi vegna framlengingar á því tímabili sem hægt er nýta lengingu á tímabili tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Í fjórða lagi er lagt til að auka útgjöld málefna sviðsins um 260 m.kr. vegna 100.000 kr. eingreiðslu til þeirra sem höfðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur samfelld í 14 mánuði eða lengur þann 1. maí sl. að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Útgjöld til málefna sviðs 29 *Fjölskyldumál* aukast um 1,9 ma.kr. og skýrist það af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er um að ræða 1,6 ma.kr. framlag vegna barnabótaauka til að koma til móts við barnafjölskyldur. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 180 m.kr. framlagi til ýmissa félagslegra

¹ Útgjöld málefna sviða án undanskilinna liða. Til liða utan ramma teljast: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

aðgerða í aðgerðaáætlun félagsmálaráðuneytisins til þess að sporna gegn neikvæðum áhrifum á viðkvæma hópa. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til geðheilbrigðismála með stuðningi við sveitarfélög og frjáls félagasamtök til að efla þjónustu fyrir einstaklinga með alvarlegar geðraskanir og er það hluti af 600 m.kr. aukningu til geðheilbrigðismála. Þá aukast framlög um 20 m.kr. á málefna sviði 27 *Málefni fatlaðs fólks* vegna styrkingar starfsemi réttindagæslunnar til að bæta stöðu fólks sem býr við þroskaskerðingu og einhverfu, en þessi aðgerð er hluti af aðgerðaáætlun félagsmálaráðuneytisins.

<u>Rekstrargrunnur, m.kr.</u>	<u>Fjárlög 2021</u>	<u>Heimildir 2021¹</u>	<u>br. m.kr.</u>	<u>br. frá fjárl. %</u>
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	6.960,8	6.960,8		
02 Dómstólar	3.480,4	3.480,4		
03 Æðsta stjórnýsla	2.708,3	2.708,3		
04 Utanríkismál	14.100,5	14.100,5		
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	36.745,3	36.745,3		
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár	4.125,2	4.125,2		
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	28.788,1	28.788,1		
08 Sveitarfélög og byggðamál	22.473,4	22.473,4		
09 Almanna- og réttaröryggi	31.300,4	31.300,4		
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála	17.286,6	17.486,6	200,0	1,2%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	59.503,1	59.623,1	120,0	0,2%
12 Landbúnaður	18.709,3	18.709,3		
13 Sjávarútvegur og fiskeldi	9.463,1	9.463,1		
14 Ferðaþjónusta	2.574,1	3.324,1	750,0	29,1%
15 Orkumál	5.118,3	5.118,3		
16 Markaðseftirlit, neytendamál og stj.sýsla atv.mála	4.463,8	4.463,8		
17 Umhverfismál	24.351,6	24.351,6		
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál	17.608,5	17.608,5		
19 Fjölmíðlun	5.138,3	5.138,3		
20 Framhaldsskólastig	40.551,4	40.601,4	50,0	0,1%
21 Háskólastig	53.167,6	53.267,6	100,0	0,2%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menn.mála	5.674,0	5.674,0		
23 Sjúkrahúsþjónusta	121.454,1	121.454,1		
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	59.816,7	60.116,7	300,0	0,5%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	64.042,3	65.092,3	1.050,0	1,6%
26 Lyf og lækningavörur	30.439,7	30.439,7		
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	83.609,3	83.629,3	20,0	0,0%
28 Málefni aldraðra	93.419,9	93.419,9		
29 Fjölskyldumál	47.118,1	49.018,1	1.900,0	4,0%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	95.472,6	105.282,6	9.810,0	10,3%
31 Húsnæðisstuðningur	13.048,4	13.048,4		
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála	14.923,2	14.923,2		
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	108.317,8	108.317,8		
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	39.354,7	39.354,7		
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	6.789,8	7.039,8	250,0	3,7%
Samtals	1.192.098,7	1.206.648,7	14.550,0	1,2%

¹ Fjárlög að viðbættu frumvarpi til fjárukalaga

Gert er ráð fyrir að framlög til heilbrigðismála aukist um 1.350 ma.kr. Þar vegur þyngst 1.050 m.kr. tillaga um aukningu fjárheimildar á málefnasviði 25 *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta*. Annars vegar er gert ráð fyrir að hækka tímabundið daggjald hjúkrunarheimila um 1 ma.kr. og hins vegar er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til endurhæfingar vegna langvarandi eftirkasta heimsfaraldurs kórónuveirunnar og einnig ungmenna sem standa utan skólakerfis og vinnumarkaðar. Eru þau framlög hluti af 600 m.kr. auknum framlögum til geðheilbrigðismála. Þá er gert ráð fyrir að fjárheimildir málefnasviðs 24 *Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa* aukist um 300 m.kr. vegna aðgerða í geðheilbrigðismálum sem fela m.a. í sér stofnun geðheilsuteyma barna á landsvísu, samninga um þjónustu við aðila sem veita þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni og átaksverkefni til að bregðast við auknum kvíða og vanlíðan hjá börnum og ungmennum. Í því sambandi má einnig nefna að gert er ráð fyrir 150 m.kr. aukningu fjárheimilda á málefnasviðum 20 *Framhaldsskólastig* og 21 *Háskólastig* til að efla þverfaglega skólaheilsugæslu og sálfræðiþjónustu á framhaldsskólastigi.

Að lokum er gert ráð fyrir að fjárheimildir aukist um 750 m.kr. á málefnasviði 14 *Ferðaþjónusta* vegna Ferðagjafar II ásamt því að lagt er til að framlög verði aukin um 200 m.kr. á málefnasviði 10 *Rétt. einstaklinga, trúmál og stjórnábyrgð dómsmála* til mæta að hluta tekjufalli Rauða krossins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Með samsvarandi hætti er gert ráð fyrir 120 m.kr. framlagi vegna tímabundins aukins stuðnings við Strætó bs. á málefnasviði 11 *Samgöngu- og fjarskiptamál*. Á málefnasviði 35 *Alþjóðleg þróunarsamvinna* er lagt til að veita 250 m.kr. til þróunar og dreifingar bóluefnis gegn kórónuveirunni til þróunarríkja. Gert er ráð fyrir að framlag Íslands verði 500 m.kr. en að 250 m.kr. verði fjármagnaðar með breyttri forgangsroðun innan málaflokksins. Nánari umfjöllun er að finna í kaflanum með greinargerðum einstakra málaflokka.

1.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Þær ráðstafanir sem lagðar eru til í þessu frumvarpi voru metnar með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar. Lagt var mat á hvort ráðstafanirnar væru líklegar til að stuðla að jafnrétti kynjanna, viðhalda óbreyttu ástandi á stöðu kynjanna eða auka kynjamisrétti eða kynjabil.

Stór hluti ráðstafananna er talinn viðhalda óbreyttu ástandi á stöðu kynjanna og eru þær ráðstafanir riflega helmingur af umfangi frumvarpsins. Hér er t.d. um að ræða styrki vegna hluta tekjutaps einstakra aðila, styrki til langtímaatvinnulausra, ráðningarstyrki og ferðagjöf. Þetta þýðir ýmist að staða kynjanna á þeim sviðum sem um ræðir er tiltölulega jöfn, úrræðin eru talin gagnast kynjunum með sambærilegum hætti eða að aðgerðirnar eru ekki taldar líklegar til að hreyfa við núverandi stöðu. Rétt þykir þó að draga fram mikilvægi þess að bæði náms- og starfsúrræði fyrir atvinnuleitendur henti öllum kynjum en annars er hætt við að úrræðin geti aukið kynjabil. Þá þarf að fylgjast vel með þróun á nýtingu ráðningarstyrkja og gera ráðstafanir til að úrræðið nýtist kynjunum með sem jöfnustum hætti.

Töluverður fjöldi tillagna er talinn styðja við jafnrétti og nema þær tillögur um 40% af heildarumfangi frumvarpsins. Þar á meðal eru sumarstörf fyrir námsmenn en í ljósi þess að konur eru meiri hluti nemenda á háskólastigi má gera ráð fyrir að án ráðstafana gæti atvinnuleysi kvenna aukist hlutfallslega meira en karla í sumar. Geðheilbrigðisþjónusta fyrir börn og ungt fólk er talin stuðla að jafnrétti en margt bendir til þess að andleg líðan stúlkna sé töluvert verri en drengja. Þá er þjónusta við börn og fjölskyldur almennt talin til þess fallin að draga úr álagi á foreldra og sérstaklega mæður sem sinna umönnun og uppeldi barna í ríkara mæli en fedur. Einnig er viðbótarfjármögnun til hjúkrunarrýma talin hafa jákvæð áhrif á umönnunarhagkerfið. Sérstakur barnabótaauki er einnig talinn stuðla að jafnrétti en fleiri konur en karlar hafa fengið tekjutengdar barnabætur þar sem mikill meiri hluti einstæðra foreldra er

konur, auk þess sem konur eru að meðaltali með lægri tekjur en karlar. Þá er félagslegur stuðningur við viðkvæma hópa talinn stuðla að jafnrétti í þeim tilfellum sem aðgerðirnar bæta stöðu hópa þar sem kynjaskekkja er til staðar, t.a.m. stuðningur við heimilislaust fólk, félagasamtök sem veita matargjafir og aðgerðir gegn ofbeldi. Loks má nefna framlag vegna COVAX-samstarfsins; talið er að faraldurinn hafi neikvæðari áhrif á konur en karla í þróunarlöndum en bólusetning getur dregið úr þeim áhrifum.

Ein aðgerð er talin líkleg til að auka kynjabil, en það er breyting á nýtingartímabili tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Eldri greiningar hafa sýnt að þar sem karlar hafa að meðaltali hærra tekjur en konur fari hærra hlutfall tekjutengdra bóta til karla, að teknu tilliti til kynjahlutfalls meðal þeirra sem fá greiddar bætur.

Meiri hluti annarra nýrra ráðstafana vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar sem ekki er sérstaklega fjallað um í þessu frumvarpi er talinn viðhalda óbreyttu ástandi á stöðu kynjanna. Má þar nefna framlengingu og útvíkkun viðspyrnustyrkja og sumarnám á framhalds- og háskólastigi. Ein aðgerð, framlenging heimildar til úttektar séreignarsparnaðar, er talin líkleg til að auka kynjabil en karlar eru um 65% þeirra sem hafa nýtt sér úttekt á séreignarsparnaði og tekið út sama hlutfall af heildarfjárhæðinni. Ekki reyndist unnt að leggja mat á áhrif frestunar skattgreiðslna í ljósi þess að ekki eru kyngreind gögn til að byggja á.

Greinargerð við einstaka málaflokka.

Í þessum hluta er farið yfir athugasemdir um breytingar á fjárheimildum einstakra málefna sviða og málaflokka í frumvarpinu. Nýju útgjaldatílefnin teljast uppfylla skilyrði 26. gr. laga um opinber fjármál en ekki var mögulegt að bregðast við með því að nýta önnur úrræði, svo sem varasjóði málaflokka eða með breyttri forgangs röðun verkefna.

Í umfjölluninni um einstaka málaflokka hér á eftir um helstu breytingar frumvarpsins er fyrst og fremst fjallað um breytingar á sértækum útgjaldamálum málefna sviða og málaflokka.

10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 200 m.kr.

10.4 Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 200 m.kr. vegna stuðnings við starfsemi Rauða krossins á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar en um er að ræða almannaheillafélög sem hafa gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi. Félögin hafa orðið fyrir miklu tekjufalli vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins en sökum eðlis starfsemi þeirra hafa þau fallið illa að þeim almennu efnahagslegu aðgerðum sem stjórnvöld hafa ráðist í. Gert er ráð fyrir að veittur verði 100 m.kr. stuðningur til hvors félags fyrir sig til að koma til móts við hluta af tekjutapi félaganna á síðasta ári en áætlað er að tekjutap síðasta árs nemi um 200–300 m.kr. hjá hvoru félagi.

11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 120 m.kr.

11.1 Samgöngur

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 120 m.kr. vegna tímabundins stuðnings ríkisins við Strætó bs. vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Strætó er í eigu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er stærsta fyrirtækið í almenningssamgöngum innan lands, hvort sem litið er til veltu eða farþegafjölda. Árleg velta nemur um 8–9 ma.kr. Frá árinu 2012 hefur ríkissjóður styrkt Strætó bs. um u.þ.b. 900 m.kr. á ári á grundvelli samnings um tíu ára tilraunaverkefni til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2020 nam þessi styrkur um 19% á móti rekstrarframlagi eignaraðila, sem var um 3,8 ma.kr. Á síðustu árum hefur hlutfall farþegatekna af heildarrekstrarkostnaði verið á bilinu 30–35% og því hefur fækkun farþega bein áhrif á reksturinn. Tekjur Strætó bs. lækkuðu um 653 m.kr. á milli árunna 2019 og 2020 sem má einkum rekja til áhrifa kórónuveirufaraldursins en farþegum fækkaði um ríflega fjórðung milli ára. Að teknu tilliti til hagræðingaraðgerða þá var rekstrarmiðurstaðan neikvæð um 454 m.kr. á árinu 2020 til samanburðar við um 37 m.kr. tap árið á undan. Með tillögunni er lagt til að veittur verði tímabundinn aukinn stuðningur vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem uppi eru til að koma að hluta til móts við taprekstur Strætó. Stuðningurinn samsvarar 19% hlut ríkisins á móti framlagi eignaraðila eða 80 m.kr. fyrir árið 2020. Auk þess verður veittur 40 m.kr. styrkur vegna ársins 2021 vegna áhrifa faraldursins.

14 Ferðaðþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins hækki um 750 m.kr.

14.1 Ferðaðþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði hækkuð um 750 m.kr. til að fjármagna Ferðagjöf II. Fyrirkomulagið er sambærilegt því sem var komið á sumarið 2020 til að styðja við ferðaðþjónustu á Íslandi. Einstaklingar fæddir árið 2002 eða fyrr, með íslenska kennitölu og lögheimili á Íslandi, fá 5.000 kr. til að greiða fyrir þjónustu hjá aðilum í ferða- og veitingaþjónustu og öðrum sem falla undir skilgreiningar í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 54/2020 um ferðagjöf á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst 2021.

Heildarkostnaður vegna Ferðagjafar II gæti mest orðið 1,4 ma.kr., miðað við að allir sem eigi rétt á ferðagjöfinni nýti hana. Til viðbótar við þær 750 m.kr. sem nú er óskað eftir er áætlað að 650 m.kr. verði fjármagnaðar með því að heimila nýtingu á óráðstafaðri fjárheimild síðasta árs, sem var veitt vegna kynningar og markaðsátaks innan lands í ferðaðþjónustu.

Erfitt er að áætla fjölda þeirra sem nýta Ferðagjöf II en ef marka má nýtingu á Ferðagjöf I er ólíklegt að ganga þurfi á alla fjárheimildina. Árið 2020 var veitt 1.500 m.kr. fjárheimild vegna Ferðagjafar I og áætlað er að 850 m.kr. verði nýttar að meðtalinni framlengingu á gildistíma Ferðagjafar I til loka maí 2021.

20 Framhaldsskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 50 m.kr.

20.1 Framhaldsskólar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 50 m.kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum með þverfaglegri skólaheilsugæslu og sálfræðiþjónustu á framhaldsskólástigi. Verkefnið er hluti af 600 m.kr. viðbótarframlagi til geðheilbrigðismála fyrir börn og ungmenni sem nær til fimm málefnasviða, sem nánar er lýst í greinargerð á málefnasviði 24 *Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa*.

21 Háskólastig

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 100 m.kr.

21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 100 m.kr. til að efla geðheilbrigðisþjónustu í háskólum með þverfaglegri skólaheilsugæslu. Verkefnið er hluti af 600 m.kr. viðbótarframlagi til geðheilbrigðismála fyrir börn og ungmenni sem nær til fimm málefnasviða, sem nánar er lýst í greinargerð á málefnasviði 24 *Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa*.

24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 300 m.kr.

24.1 Heilsugæsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 200 m.kr. vegna aukinna framlaga til geðheilbrigðismála vegna faraldurs kórónuveirunnar. Fjárheimildin er hluti af 600 m.kr. viðbótarframlagi til geðheilbrigðismála fyrir börn og ungmenni á samtals fimm málefnasviðum. Gert er ráð fyrir 300 m.kr. á málefnasvið 24 *Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa*, 100 m.kr. til málefnasviðs 21 *Háskólastig*, 100 m.kr. til málefnasviðs 29 *Fjölskyldumál*, 50 m.kr. til málefnasviðs 20 *Framhaldsskólastig* og 50 m.kr. til málefnasviðs 25 *Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta*. Þau verkefni sem ætlað er að ráðast í eru sex talsins á ábyrgð þriggja ráðuneyta: (1) Setja á stofn þverfagleg geðheilsuteymi barna sem vinna á landsvísu með meðferð, ráðgjöf og stuðning við teymi í heilsugæslu og á heilbrigðisstofnunum. (2) Efla geðheilbrigðisþjónustu í framhaldsskólum og háskólum með þverfaglegri skólaheilsugæslu og sálfræðiþjónustu á framhaldsskólastigi. Þá verður sálfræðistuðningur til háskólanema aukinn. (3) Veita á endurhæfingu vegna langvarandi eftirkasta kórónuveirunnar. Einnig er gert ráð fyrir að gerðir verði samningar við sérhæfða aðila sem veita endurhæfingu fyrir ungmenni sem ekki eru í vinnu, námi eða starfsþjálfun. (4) Samið verður um að veita þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni. Einnig verður farið í átaksverkefni til að bregðast við auknum kvíða og vanlíðan hjá börnum og ungmennum vegna áhrifa faraldursins. (5) Sveitarfélögum og frjálsum félagasamtökum verður veittur stuðningur til að efla þjónustu fyrir börn með alvarlegar geðraskanir. (6) Sveitarfélögum og frjálsum félagasamtökum verður veittur stuðningur til að efla þjónustu við einstaklinga 18 ára og eldri með alvarlegar geðraskanir ásamt því að lögð verður áhersla á að bregðast við langtímaáhrifum vegna kórónuveirunnar á geðheilsu fatlaðs fólks.

24.2 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 100 m.kr. vegna aukinna framlaga til geðheilbrigðismála vegna kórónuveirunnar. Verkefnið er hluti af 600 m.kr. viðbótarframlagi til geðheilbrigðismála fyrir börn og ungmenni.

25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 1.050 m.kr.

25.1 Hjúkrunar- og dvalarrými

Lagt er til að 1.000 m.kr. aukafjárheimild verði veitt til málaflokksins vegna tímabundinnar hækkunar daggjalda til hjúkrunarheimila. Skilyrði fyrir hækkuninni er að rekstraraðilar hjúkrunarheimila samþykki tveggja mánaða framlengingu þjónustusamninga þannig að þeir gildi til loka febrúar 2022. Gangi það eftir verður daggjaldið hækkað fyrir yfirstandandi ár en hækkunin gengur til baka í byrjun næsta árs.

Samningar Sjúkratrygginga Íslands við rekstraraðila hjúkrunarheimila renna út í árslok og er vinna að hefjast við gerð samningsmarkmiða næstu samninga. Til að styrkja rekstrarstöðu hjúkrunarheimila á þessu ári er lögð til framangreind framlenging samninga og tímabundin

hækkun daggjalds. Það gefur aukið svigrúm fyrir endurskoðun á forsendum rekstrar hjúkrunarheimila sem byggist m.a. á þeim greiningum og viðbótum á þjónustunni sem nú standa yfir.

25.2 Endurhæfingarþjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 50 m.kr. Fjárheimildinni er ætlað að greiða fyrir samninga um endurhæfingu vegna langvarandi eftirkasta af völdum kórónuveirunnar. Einnig er gert ráð fyrir að fjárheimildin verði nýtt til að veita endurhæfingu fyrir ungmenni sem standa utan skóla og vinnumarkaðar. Tillagan er hluti af 600 m.kr. framlagi vegna aðgerða í geðheilbrigðismálum, samanber umfjöllun um málaflokk 24.1 *Heilsugæsla* um þær aðgerðir.

27 Örorka og málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði hækkuð um 20 m.kr.

27.3 Málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að veita 20 m.kr. fjárheimild til réttindagæslu fatlaðra vegna tímabundinnar ráðningar tveggja starfsmanna. Er þetta hluti af aðgerðaáætlun til verndar viðkvæmum hópum. Mikil fjölgun hefur orðið á tilvísunum til réttindagæslunnar sem m.a. má rekja til kórónuveirufaraldursins.

29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði hækkuð um 1.900 m.kr.

29.1 Barnabætur

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.620 m.kr. vegna greiðslu barnabótaauka til að koma til móts við barnafjölskyldur vegna efnahagslegra áhrifa heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Framfærendur barna sem fá greiddar tekjutengdar barnabætur fá 30.000 kr. eingreiðslu á hvert barn yngra en 18 ára. Áætlað er að stuðningurinn nái til foreldra yfir 50.000 barna.

29.4 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 280 m.kr. Annars vegar er gert ráð fyrir að veita 180 m.kr. framlag til eftirfarandi verkefna vegna félagslegs stuðnings við viðkvæma hópa: (1) Stuðnings við heimilislaust fólk af erlendum uppruna. (2) Stuðnings við hjálparsamtök sem sinna mataraðstoð. (3) Framlags til Hjálparstarfs kirkjunnar til að efla ráðgjöf og þjónustu við fjölskyldur. (4) Framlags til stofnunar sjóðs sem sveitarfélög og félagasamtök sem reka ungmennastarf geta sótt um í með áherslu á leitarstarf, tómstundastarf og úrræði fyrir ungmenni sem ekki stunda nám eða vinnu. (5) Aðgerða sem stuðla að auknu tölvu- og tæknilæsi aldraðra. (6) Eflingar Ráðgjafarstofu innflytjendamála. (7) Stuðnings við meðferðarúrræðið Heimilisfrið sem býður upp á meðferð fyrir alla sem beita ofbeldi í nánnum

samböndum. (8) Styrkingar Barnahúss vegna mikillar aðsóknar í þjónustu sl. mánuði.

Hins vegar er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til geðheilbrigðismála vegna kórónuveirufaraldursins. Tillagan er hluti af 600 m.kr. framlagi til aðgerða í geðheilbrigðismálum, samanber umfjöllun um málaflokk 24.1 *Heilsugæsla* um þær aðgerðir.

30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 9.810 m.kr.

30.1 Vinnumál og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 9.810 m.kr. og skýrist það af fjórum tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 4.400 m.kr. framlagi til að mæta auknum útgjöldum vegna styrks til endurráðningar í fyrra starfshlutfall. Markmiðið er að tryggja þeim sem verið hafa í skertu starfshlutfalli áframhaldandi vinnu og kemur aðgerðin í stað hlutabótaleiðarinnar sem fellur úr gildi þann 31. maí nk. Aðgerðin felur í sér að fyrirtækjum með ráðningarsamband við einstakling í skertu starfshlutfalli gefst nú kostur á að fá styrk með endurráðningu starfsfólks í fyrra starfshlutfall. Fjárhæð styrks miðast við hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta í hlutfalli við hækkun starfshlutfalls viðkomandi einstaklings, auk 11,5% mótframlags af styrkfjárhæð í lífeyrissjóð. Er þetta í samræmi við önnur vinnumarkaðsúræði sem þegar eru í gildi með áttakinu *Hefjum störf*. Gert er ráð fyrir að komið geti til greiðslna að hámarki í fjóra mánuði á tímabilinu 1. júní 2021 til og með 30. september 2021. Áætlað er að um 4.500 manns verði ráðin í sitt fyrra starfshlutfall en það er fjöldi þeirra sem Vinnumálastofnun gerir ráð fyrir að hefðu verið í skertu starfshlutfalli miðað við óbreytt fyrirkomulag næstu mánuði.

Í öðru lagi er um að ræða útgjöld vegna atvinnuátaksins *Hefjum störf*, alls 4.300 m.kr. Markmiðið með áttakinu er að skapa allt að 6.000–7.000 tímabundin störf í samvinnu við atvinnulíf, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Um er að ræða tímabundna útvíkkun ráðningarstyrkja til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, félagasamtaka, opinberra stofnana og sveitarfélaga með bráðabirgðaákvæði við reglugerð sem heimilar Vinnumálastofnun að veita fyrirtækjum styrk vegna ráðningar einstaklings sem skráður hefur verið án atvinnu í a.m.k. þrjú mánuði. Kostnaður vegna aðgerðarinnar skiptist í tvennt. Annars vegar er um að ræða störf þar sem atvinnurekandi getur fengið ráðningarstyrk í allt að sex mánuði með atvinnuleitanda sem hefur verið án atvinnu í 12 mánuði eða lengur. Kostnaður vegna þessa er áætlaður um 2.400 m.kr. Hins vegar er um að ræða 1.900 m.kr. kostnað vegna sumarstarfa námsmanna í tvo og hálfan mánuð. Gert er ráð fyrir að allt að 4.000 atvinnuleitendur komist aftur til starfa í gegnum úrræðið og um 2.500 námsmenn.

Í þriðja lagi er um að ræða 850 m.kr. aukafjárveitingu til að mæta kostnaði við framlengingu á tímabundinni lengingu tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta. Mánuðum sem hægt er að nýta rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta verður fjölgað og gildistími úrræðisins lengdur frá 1. október 2021 til 1. febrúar 2022. Gert er ráð fyrir að aðgerðin nýtist að meðaltali um 5.100 einstaklingum á mánuði.

Í fjórða lagi er um að ræða 260 m.kr. framlag vegna sérstaks styrks til atvinnuleitenda sem hafa fengið greiddar atvinnuleysisbætur samfellt í 14 mánuði eða lengur. Nemur styrkurinn allt að 100.000 kr. og er greiddur í samræmi við bótahlutfall atvinnuleysistrygginga. Markmiðið með aðgerðinni er að koma enn frekar til móts við þau sem hafa verið lengi atvinnulaus og ekki notið lengingar á tekjutengdu tímabili atvinnuleysisbóta. Gert er ráð fyrir að stuðningurinn nái til yfir 3.000 atvinnuleitenda.

35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði hækkuð um 250 m.kr.

35.1 Þróunarsamvinna

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 250 m.kr. vegna framlags Íslands til þróunar og dreifingar bóluefnis gegn kórónuveirunni til þróunarríkja. Gert er ráð fyrir að framlag Íslands verði 500 m.kr. en að 250 m.kr. verði fjármagnaðar með breyttri forgangsröðun innan alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Ísland hefur líkt og nágrennaríkin, þ.m.t. Norðurlöndin, Bretland og Þýskaland, talað fyrir mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu um þróun bóluefnis og jafns aðgengis ríkja óháð greiðslugetu þeirra með það að leiðarljósi að tryggja öllum jarðarbúum, jafnt þróunarríkjanna sem þróaðri ríkja, bóluefni. Verkefnið fellur undir COVAX sem er samstarf Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), Alþjóðaónæmisáðgerðasjóðsins (GAVI) og samtaka um nýsköpun vegna viðbúnaðar við farsóttum (CEPI) í baráttunni gegn kórónuveirunni. Framangreind framlög geta uppfyllt skilyrði um þróunarsamvinnu samkvæmt tilmælum þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD-DAC).

Fylgirit með frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2021.

Efnisyfirlit

Yfirlit

Inngangur	2
1. Fjárveitingar eftir hagrænni skiptingu	3
2. Fjárveitingar eftir málaflokkum og ráðuneytum.....	6
3. Fjárveitingar eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum.....	8

Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga og frumvarpi til fjárukalaga eru fjárheimildir A-hluta ríkissjóðs sundurgreindar eftir málefnasviðum og málaflokkum. Skipting fjárheimilda málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra A-hluta ríkissjóðs birtist í fylgiriti sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpi og fjárukalagafrumvarpi. Þetta fylgirit er frábrugðið fylgiriti fjárlagafrumvarps og fjárlaga að því leyti að hér er ekki sýnd sundurliðun á áætluðum tekjum A-hluta ríkissjóðs samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga og ekki forsendur fjárveitinga sem byggjast á reiknilíkönum eða sérstökum reiknireglum og fyrirhugaðar breytingar á þessum líkönum og reglum. Í fylgiritinu er einungis sýnd nánari skipting fjárveitinga til stofnana og verkefna til samræmis við tillögur að breyttum fjárheimildum í frumvarpinu.

Efni fylgiritsins er í þremur yfirlitum og er sem hér segir:

- Skipting á breytingum á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka samkvæmt frumvarpinu í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta og verkefna. Fjárveitingar til ríkisaðila greinast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Einnig er gerð grein fyrir áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila og verkefna og framlagi úr ríkissjóði.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna í A-hluta eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna eftir ráðuneytum.

Yfirlit 1

Skipting fjárheimilda skv. frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2021 í fjárveitingar til ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs og verkefna og í varasjóði málaflokka eftir hagrænni skiptingu

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekur	Framlag úr ríkissjóði
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
10.40 Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
06-190 Ýmis verkefni	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
198 Ýmis framlög dómsmálaráðuneytis	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	0,0	120,0	0,0	0,0	120,0	0,0	120,0
11.10 Samgöngur	0,0	120,0	0,0	0,0	120,0	0,0	120,0
10-211 Veggerðin	0,0	120,0	0,0	0,0	120,0	0,0	120,0
115 Styrkir til almenningsgangna	0,0	120,0	0,0	0,0	120,0	0,0	120,0
14 Ferðabjónusta	0,0	750,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
14.10 Ferðabjónusta	0,0	750,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
04-559 Ýmis ferðamál	0,0	750,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
111 Ramsóknir, markaðs- og kynningarmál í ferðabjónustu	0,0	750,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
20 Framhaldsskólastig	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
20.10 Framhaldsskólur	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
110 Sameiginleg verkefni og þjónusta	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
21 Háskólastig	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
21.10 Háskólur og rannsóknastarfsemi	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
110 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	200,0	100,0	0,0	0,0	300,0	0,0	300,0
24.10 Heilsugæsla	200,0	0,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
08-500 Heilsugæslustöðvar, almenn	200,0	0,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
110 Heilsugæslustöðvar, almenn	200,0	0,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
24.20 Sérfræðipjónusta og hjúkrun	0,0	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
08-206 Sjúkratryggingar	0,0	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
191 Annað	0,0	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta	1.050,0	0,0	0,0	0,0	1.050,0	0,0	1.050,0
25.10 Hjúkrunar- og dvalarymi	1.000,0	0,0	0,0	0,0	1.000,0	0,0	1.000,0
08-401 Óldrunarstofnanir, almenn	1.000,0	0,0	0,0	0,0	1.000,0	0,0	1.000,0
101 Hjúkrunarheimili, almenn	1.000,0	0,0	0,0	0,0	1.000,0	0,0	1.000,0
25.20 Endurhæfingarpjónusta	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
08-388 Samningar SI um endurhæfingarpjónustu	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
110 Samningar SI um endurhæfingarpjónustu	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
27 Órorka og málefni fatlaðs fólks	20,0	0,0	0,0	0,0	20,0	0,0	20,0
27.30 Málefni fatlaðs fólks	20,0	0,0	0,0	0,0	20,0	0,0	20,0
07-700 Málefni fatlaðra	20,0	0,0	0,0	0,0	20,0	0,0	20,0
110 Réttindagæsla fatlaðra	20,0	0,0	0,0	0,0	20,0	0,0	20,0
29 Fjölskyldumál	100,0	1.800,0	0,0	0,0	1.900,0	0,0	1.900,0
29.10 Barnabætur	0,0	1.620,0	0,0	0,0	1.620,0	0,0	1.620,0
09-811 Barnabætur	0,0	1.620,0	0,0	0,0	1.620,0	0,0	1.620,0
111 Barnabætur	0,0	1.620,0	0,0	0,0	1.620,0	0,0	1.620,0
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn	100,0	180,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi	100,0	180,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
121 Fjölskyldumál, ýmis verkefni	100,0	180,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
30 Vinnuráðgjafar og atvinnuleysi	0,0	9.810,0	0,0	0,0	9.810,0	0,0	9.810,0
30.10 Vinnuráðgjafar og atvinnuleysi	0,0	9.810,0	0,0	0,0	9.810,0	0,0	9.810,0
07-984 Atvinnuleysistryggingarsjóður	0,0	9.810,0	0,0	0,0	9.810,0	0,0	9.810,0
135 Námsketiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði	0,0	9.810,0	0,0	0,0	9.810,0	0,0	9.810,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna	250,0	0,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
35.10 Þróunarsamvinna	250,0	0,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
03-390 Alþjóðleg þróunarsamvinna	250,0	0,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
190 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt	250,0	0,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
Samtals	1.770,0	12.780,0	0,0	0,0	14.550,0	0,0	14.550,0

Yfirlit 2

Sundurliðun fjárveitinga skv. frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2021 til ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs eftir málaflokkum og ráðuneytum*

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Heimildir 2021	br. frá fjárlögum m.kr.	br. frá fjárlögum %
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála.....	17.286,6	17.486,6	200,0	1,2
10.40 Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis.....	1.620,3	1.820,3	200,0	12,3
06-190 Ýmis verkefni.....	313,1	513,1	200,0	63,9
198 Ýmis framlög dómsmálaráðuneytis.....	159,5	359,5	200,0	125,4
11 Samgöngu- og fjarskiptamál.....	59.503,1	59.623,1	120,0	0,2
11.10 Samgöngur.....	56.948,0	57.068,0	120,0	0,2
10-211 Vegagerðin.....	48.074,5	48.194,5	120,0	0,2
115 Styrkir til almenningssamangna.....	4.025,5	4.145,5	120,0	3,0
14 Ferðaþjónusta.....	2.574,1	3.324,1	750,0	29,1
14.10 Ferðaþjónusta.....	2.574,1	3.324,1	750,0	29,1
04-359 Ýmis ferðamál.....	1.071,5	1.821,5	750,0	70,0
111 Rannsóknir, markaðs- og kynningarmál í ferðaþjónustu.....	1.071,5	1.821,5	750,0	70,0
20 Framhaldsskólastig.....	40.551,4	40.601,4	50,0	0,1
20.10 Framhaldsskólar.....	39.177,6	39.227,6	50,0	0,1
02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta.....	3.119,7	3.169,7	50,0	1,6
110 Sameiginleg verkefni og þjónusta.....	3.119,7	3.169,7	50,0	1,6
21 Háskólastig.....	53.167,6	53.267,6	100,0	0,2
21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi.....	46.046,8	46.146,8	100,0	0,2
02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi.....	2.594,7	2.694,7	100,0	3,9
110 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi.....	2.239,7	2.339,7	100,0	4,5
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa.....	59.816,7	60.116,7	300,0	0,5
24.10 Heilsgæsla.....	32.104,6	32.304,6	200,0	0,6
08-500 Heilsgæslustöðvar, almenn.....	2.751,9	2.951,9	200,0	7,3
110 Heilsgæslustöðvar, almenn.....	2.471,6	2.671,6	200,0	8,1
24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun.....	18.618,4	18.718,4	100,0	0,5
08-206 Sjúkratryggingar.....	18.606,4	18.706,4	100,0	0,5
191 Annað.....	775,3	875,3	100,0	12,9

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2021	Heimildir 2021	br. frá fjárlögum m.kr.	br. frá fjárlögum %
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta.....	64.042,3	65.092,3	1.050,0	1,6
25.10 Hjúkrunar- og dvalarymi.....	57.873,1	58.873,1	1.000,0	1,7
08-401 Öndrunarstofnanir, almenn.....	7.064,3	8.064,3	1.000,0	14,2
101 Hjúkrunarheimili, almenn.....	3.279,6	4.279,6	1.000,0	30,5
25.20 Endurhæfingarpjónusta.....	6.169,2	6.219,2	50,0	0,8
08-388 Samningar SÍ um endurhæfingarpjónustu.....	1.184,3	1.234,3	50,0	4,2
110 Samningar SÍ um endurhæfingarpjónustu.....	1.184,3	1.234,3	50,0	4,2
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks.....	83.609,3	83.629,3	20,0	0,0
27.30 Málefni fatlaðs fólks.....	914,1	934,1	20,0	2,2
07-700 Málefni fatlaðra.....	914,1	934,1	20,0	2,2
110 Réttindagesla fatlaðra.....	107,7	127,7	20,0	18,6
29 Fjölskyldumál.....	47.118,1	49.018,1	1.900,0	4,0
29.10 Barnabætur.....	13.965,0	15.585,0	1.620,0	11,6
09-811 Barnabætur.....	13.965,0	15.585,0	1.620,0	11,6
111 Barnabætur.....	13.965,0	15.585,0	1.620,0	11,6
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.....	9.436,6	9.716,6	280,0	3,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi.....	2.586,0	2.866,0	280,0	10,8
121 Fjölskyldumál, ýmis verkefni.....	1.329,3	1.609,3	280,0	21,1
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi.....	95.472,6	105.282,6	9.810,0	10,3
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi.....	93.817,3	103.627,3	9.810,0	10,5
07-984 Atvinnuleysistryggingasjóður.....	66.497,0	76.307,0	9.810,0	14,8
135 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði.....	3.200,0	13.010,0	9.810,0	306,6
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna.....	6.789,8	7.039,8	250,0	3,7
35.10 Þróunarsamvinna.....	6.789,8	7.039,8	250,0	3,7
03-390 Alþjóðleg þróunarsamvinna.....	6.789,8	7.039,8	250,0	3,7
190 Þróunarmál og hjálpstarfsemi, óskipt.....	629,8	879,8	250,0	39,7
Samtals.....	1.192.098,7	1.206.648,7	14.550,0	1,2

* Í töflunni eru settar fram þær fjárfettingar sem breytast með frumvarpi til fjárákallaga 2021. Þannig miðast samtölur málefna sviða og málaflökka við sviðið og flokkinn í heild sinni þó svo að einungis séu sýndir liðir og viðföng sem taka breytingum með fjárákallögum.

Yfirlit 3

Sundurliðun fjárveitinga skv. frumvarpi til fjáráukalaga árið 2021 til ríkisaðila og verkefna í A-hluta ríkissjóðs eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæmild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti	150,0	0,0	0,0	0,0	150,0	0,0	150,0
02-298 Styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfssemi	100,0	0,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
03 Utanríkisráðuneyti	250,0	0,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
03-390 Alþjóðleg þróunarsamvinna	250,0	0,0	0,0	0,0	250,0	0,0	250,0
04 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	0,0	750,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
04-559 Ýmis ferðamál	0,0	750,0	0,0	0,0	750,0	0,0	750,0
06 Dómsmálaráðuneyti	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
06-190 Ýmis verkefni	0,0	200,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
07 Félagsmálaráðuneyti	120,0	9.990,0	0,0	0,0	10.110,0	0,0	10.110,0
07-700 Málefni fatlaðra	20,0	0,0	0,0	0,0	20,0	0,0	20,0
07-984 Atvinnuleysisstryggingasjóður	0,0	9.810,0	0,0	0,0	9.810,0	0,0	9.810,0
07-999 Félagsmál, ýmis starfssemi	100,0	180,0	0,0	0,0	280,0	0,0	280,0
08 Heilbrigðisráðuneyti	1.250,0	100,0	0,0	0,0	1.350,0	0,0	1.350,0
08-206 Sjúkratryggingar	0,0	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0
08-388 Samningar SÍ um endurhæfingaráþjónustu	50,0	0,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
08-401 Öldrunarstofnanir, almenn	1.000,0	0,0	0,0	0,0	1.000,0	0,0	1.000,0
08-500 Heilsgæslustöðvar, almenn	200,0	0,0	0,0	0,0	200,0	0,0	200,0
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	0,0	1.620,0	0,0	0,0	1.620,0	0,0	1.620,0
09-811 Barnabætur	0,0	1.620,0	0,0	0,0	1.620,0	0,0	1.620,0
10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	0,0	120,0	0,0	0,0	120,0	0,0	120,0
10-211 Vegagerðin	0,0	120,0	0,0	0,0	120,0	0,0	120,0
Samtals	1.770,0	12.780,0	0,0	0,0	14.550,0	0,0	14.550,0

∞

